



**Ávarp forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
í Bæringsstofu í Grundarfirði,  
í tilefni af opinberri heimsókn forsetahjóna  
31. október 2019**

Bæjarstjóri og bæjarstjórn,  
aðrir góðir gestir

Við hjónin þökkum kærlega þá gestrisni sem við höfum notið í heimsókn okkar hingað í Grundarfjörð. Gaman var að hitta fyrr í dag börn og ungmenni í skólum byggðarlagsins og ekki síður að spjalla við hina eldri sem hér hafa lifað tímana tvenna. Við sem yngri erum (ég tel mig enn til þeirra þótt ég sé vissulega kominn á sextugsaldur) stöndum í þakkarskuld við kynslóð foreldra okkar og þeirra sem á undan þeim komu, fólksins sem þekkti margt fátækt af eigin raun en mótaði hér öflugt velferðarsamfélag. Alltaf má gera betur en það er þá undir okkur komið, hinum yngri, að taka til hendinni.

Framfarir í útvegi réðu mestu um það að við Íslendingar brutumst úr fátækt til bjargálna. Enn er sjósókn veigamikil í okkar þjóðarbúskap. Öðrum stoðum hefur þó verið skotið undir hagkerfið og hvort tveggja sést vel hér í Grundarfirði. Hér skiptir útgerð sköpum og fagnaðarefni að ný fiskveiðiskip eru gerð út héðan. Þá er ekki síður markverð sú hátækni og framþróun sem einkennir vinnslu í landi. Fjórðu iðnbyltingarinnar – jákvæðrar táknmyndar tuttugustu og fyrstu aldar – gætir ekki síst í sjávarútvegi hér á landi.

Ferðapjónusta er svo hin nýja stoð sem treystir mannlíf og atvinnuhætti á þessum slóðum. Magnað er að dag einn í sumar sigldu þrjú stór skemmtiferðaskip inn á fjörðinn, með nær 4.000 farþega. Margfaldaðist þá fjöldi fólks í bænum og hljóta vonir að standa til að þessir auðsugestir styrki efnahag bæjarbúa með einum eða öðrum hætti. Sama gildir auðvitað um alla hina sem leggja leið sína hingað, að þeir geri í raun meira en að taka mynd af Kirkjufellinu, eins fagurt og það nú er.

Víst er að ferðalangar lofa einatt Grundarfjörð og nágrenni, fólkið og náttúruna. Um það eru fjölmargir vitnisburðir á veraldarvefnum og svo geymir sagan eldri dæmi um velvild Grundfirðinga og Eyrsvæitinga. Í sumar komu fögur fley, Astoria, Sapphire Princess og Star Breeze. Hún var ekki eins glæsileg hún „De Joanne Maria“; hollenska skútan sem rak inn fjörðinn síðsumars 1794, fyrir rúmum 200 árum. Í sögum af Snæfellsnesi, sem Oscar Clausen safnaði, er greint frá því að franskir sjóræningjar hefðu ráðist á skipverja undan Jökli, stolið öllu verðmætu – seglum og akkeri, öli og mat – og bætt gráu ofan á svart með því að skipa um borð áhöfnum fimm annarra dugga sem þeir höfðu ruplað og rænt.

Illt var í efni en heimafólk hér sýndi höfðingslund. Sokkum og vettlingum var safnað saman, pottum, hnífum og skeiðum handa hinum bágstöddu útlendingum. Sömuleiðis var þeim gefið 40 fjár, fiskur og smjör, rúgur og grjón, og nokkur kvartél af sýru til drykkjar – sem skipsmönnum fannst þó eflaust þunnur þrettándi miðað við vínið sem þeir misstu. Engan striga var hægt að gefa en þá voru segldúksver tekin utan af sængum, rifuð saman og fest við rá og reiða. Þegar Hollendingarnir sigldu svo heim á leið skrifaði séra Björn Þorgrímsson á Setbergi: „Guð gefi að þessir menn megi komast heilir til sinna heimkynna, og er ég þá viss um að þeir muni viðurkenna að í Eyrarsveit út á Íslandi búa kristilegir, göfugir menn.“

Góðir áheyrendur: Áfram mætti segja sögur úr þessu byggðarlagi og er af nógu að taka. Fyrst staldrað er við á Setbergi stenst maður ekki mátið og getur séra Jens Hjaltalíns sem þjónaði þar í hálfu öld. Hann þótti víst með sérvitrustu mönnum á sinni tíð, kemur þannig fyrir í Kristnihaldi undir Jökli. Og Jensína Helgadóttir, ráðskona á Setbergi, mun hafa verið fyrirmynd Hnallþóru í því meistaraverki Nóbelskáldsins.

Að lokum ber einmitt að geta menningar og mannlífs. Atvinna er nauðsynleg í hverju sveitarfélagi, undirstaðan sem annað hvílir á. En atvinnan ein skapar ekki blómlegt mannlíf. Þess vegna var svo fróðlegt að hitta nemendur og kennara í hinum framsækna framhaldsskóla hér, og líta við í Klifurhúsinu góða þar sem ýmislegt má bralla.

Í stuttu máli er staðan þessi: Í nútímasamfélagi þarf fólk vinnu sem hæfir áhuga þess og menntun. Fólk þarf að eiga vísa íverustaði og geta eignast þak yfir höfuðið, standi vilji til þess. Heilsugæsla þarf að vera í góðu lagi, einnig menntastofnanir í eða nærri heimabyggð. Svo þurfa samgöngur að vera greiðar þannig að íbúar geti brugðið sér af bæ öðru hvoru.

Kæru vinir: Ég óska ykkur góðs gengis við að efla hér enn frekar ykkar ágætu heimaslóðir. Við hin hlökkum til að fylgjast með og þökkum fyrir alla þá Grundfirðinga sem hafa borið hróður ykkar víða í tímans rás. Að öðrum ólöstuðum nefni ég aðeins nokkra úr samtíma okkar; Mörtu Magnúsdóttur skátahöfðingja sem sagði svo vel frá uppvaxtarárum sínum hér fyrir í dag, Dögg

Mósesdóttur, stjórnanda Northern Wave – Alþjóðlegu stuttmyndahátíðarinnar, og Hlyn Bæringsson sem lengi var fyrirliði karlalandsliðsins í körfubolta og gerir nú garðinn frægan í minni heimabyggð.

Engum er hollt að búa til glansmynd af fortíðinni eða samtíma okkar með öllum sínum áskorunum og úrlausnarefnum. Um leið er samt brýnt að líta björtum augum fram á veg. Það skulum við gera hér og á landinu öllu, staðráðin í að búa næstu kynslóðum enn betra samfélag en við njótum þó í dag.